

Original Snickerifärg Halvmatt

Akrýllakk 15%

Efnislýsing

Original Snickerifärg Halvmatt er gelað, vatnspynnanlegt og mjög vel þekjandi akrýllakk sem er auðvelt í notkun og hentugt til málnar innanhúss, t.d. á dyrakörnum, sökklum og listum. Lakkið hentar einnig til málnar á járn og stáli innanhúss. Original Snickerifärg Halvmatt er þvottheldið og slitsterkt, það rennur einkar vel út, þekur vel og gulnar ekki með tímanum.

Meðhöndlun

Best er að bera Original Snickerifärg Halvmatt ríkulega á flötinn, láta málinguna renna vel út og fylla vel í ójöfnur á undirlagi. Með því fæst sléttari flötur.

Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er lakkaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grundið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartlið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grundið yfir spartlið, t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið tvær umferðir af Original Snickerifärg Halvmatt.

Endurmálun

1. Fjarlægið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Málartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grundið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartlið flötinn ef þörf er á og grundið.
5. Málið tvær umferðir af Original Snickerifärg Halvmatt.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og millumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Original Snickerifärg Halvmatt er borin á.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málingardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Hálfmatt 15%

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 12 klst.

Lágmarkshiti við málun: +5°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningsprautur

Þekja: 8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Stofnar: BW

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l.):

Inniheldur mest 90 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

Efnið uppfyllir kröfur Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org

